



Velferðarsvið

Umsögn um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar þann 15. júní 2023 var samþykkt meðfylgjandi umsögn nefndarinnar um nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, sbr. 3. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar sama dag.

Virðingarfyllst,
Valgerður Jónsdóttir
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Umsögn



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarsvið

Sendandi: Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

Nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Óskað var umsagnar aðgengis- og samráðsnefndar með bréfi velferðarsviðs dags. 13. júní 2023 um drög að nýjum reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Umsögn:

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks telur breytingarnar á reglunum almennt jákvæðar og að flýta umsóknarferlinu um mánuð muni skapa meira svigrúm til að afgreiða umsóknirnar og greiða út styrkina fyrir áramót.

Þá gerir nefndin athugasemd við það skilyrði til styrkveitingar að umsækjandi hafi varanlega 75% örorku og veltir því upp hvort skilyrðið um að umsækjandi sé fatlaður í skilningi laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 sé nægilegt eða þá hægt væri að breyta kröfunni þannig að einungis sé þess krafist að viðkomandi hafi 75% örorku, enda sé það oft þannig að þrátt fyrir að fólk hafi varanlega fötlun þá fái það ekki varanlega örorku heldur þurfi hún að vera endurmetin á nokkurra ára fresti.

Að lokum vill nefndin nefna mikilvægi þess að breytingarnar séu vel kynntar svo umsækjendur séu meðvitaðir um þær og þeir missi örugglega ekki af umsóknarfrestinum.